



FRÉTTABRÉF

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

September 1995

Útilegan

Í sumar var farið í útilegu félagsins í tíunda skiptið en fyrsta útilegan var sumarið 1986 að Varmalandi í Borgarfirði. Síðan hefur verið tjaldað í nafni félagsins á Suðurlandi, Vesturlandi og í þó nokkur skipti á Norðurlandi.

Í ár vorum við á Hólum í Hjaltadal í stórkostlegu umhverfi með góða aðstöðu. Krakkarnir gátu farið á hestbak, í silungsveiði, sund og margt fleira var brallað.

Á laugardeginum fengum við leiðsögn um Hóladómkirkju og sögu hennar og á sunnudagsmorgninum var messa og hlýtt á söng Jóhanns Más Jóhannssonar bónda og tenórs.

Frekar far nú fámennt í ár, ef til vill vegna tíðarfarsins í sumar en goðsögnin um „pottþétt“ norðlenskt sumar hefur ít-rekað brugðist okkur og kennt okkur það að við búum jú á Íslandi og verðum bara að klæða

okkur miðað við aðstæður hverju sinni frekar en að hætta við þátttöku.

Útilegan er orðin fastur punktur á sumrin hjá mörgum fjölskyldum í félaginu sem hafa komið öll tíu árin og það er alltaf jafn gaman að sjá hvað krakkarnir skemmta sér vel saman þó að mörg þeirra hittist bara þetta eina skipti á árinu.

Höldum fast í þessa góðu hefð sem útilegan er orðin og látum hana ekki leggjast af.



Frá vinstri: Hrund, Ragnheiður, Sigríður, Jóhanna, Eik og Ívar.

Skrifstofan

Skrifstofan er opin á miðviku-
dögum og föstudögum kl. 10-12 f.h.
en fólki er bent á að panta sér tíma ef
það getur ekki komið þegar opið er.

Sími 551 4280 – Fax 562 4910

**Vinsamlegast
munið að greiða
félagsgjöldin**